

## Reglur um liðveislu

### 1. gr.

Markmið með liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar, veita honum persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta útivistar, menningar og félagslífs.

### 2. gr.

Samkvæmt 2.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra á sá rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega og líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón og heyrnarskerðingu.

### 3. gr.

Félagsmálanefnd fer með stjórn liðveislu á starfssvæði Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga .

### 4. gr.

Félagsmálastjóri og félagsráðgjafi Félags- og skólaþjónustu hafa yfirumsjón með liðveislu. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að liðveisla sé veitt samkvæmt þessum reglum.

### 5. gr.

Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu meta þörf fyrir liðveislu á grundvelli umsóknar og ráða starfsfólk í samráði við fulltrúa Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

### 6. gr.

Liðveisla er veitt í að hámarki fjórar klukkustundir á viku.

### 7. gr.

Starfsmenn taka laun sín frá sveitarfélagi þjónustunotanda skv. launataxta SDS. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða meiriháttar gjöfum frá þeim sem njóta liðveislu. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um einkamál þjónustunotenda, heimilishald og annað það sem þeir verða vísir að í starfi sínu. Þagnarskylda helst þó starfsmaður láti af störfum

### 8. gr.

Starfsmaður fær endurgreiddan útlagðan kostnað frá sveitarfélagi þjónustunotanda, enda hafi þau útgjöld verið samþykkt fyrirfram af félagsmálastjóra.

### 9. gr.

Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar Snæfellinga, 9. febrúar 2006, í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 2. mars 2006, í bæjarstjórn Stykkishólms 16.mars 2006, í bæjarstjórn Grundarfjarðar 9. mars 2006.